

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 18. febrúar 2015
Tilvísun: 2015020147

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), þingskjal nr. 888, mál nr. 511.

Vísað er til tölvubréfs umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis dags. 9. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 36/2011, um stjórn vatnamála (gjaldtaka fyrir vatnsþjónustu, EES-reglur), þingskjal 888, mál nr. 511. HER hefur farið yfir frumvarpið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Þegar lög um stjórn vatnamála voru lögfest á Íslandi árið 2011 var 9. gr. vatnatilskipunarinnar ekki innleidd í lögina en greinin á að tryggja framkvæmd laganna til að bæta þekkingu á vatnsauðlindinni og að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt EES-samningnum. Tekin er upp gjaldtaka til þess að styrkja fjárhagsgrundvöll fyrir framkvæmd laganna. Skv. EES-samningnum ber aðildarríkjum að sjá til þess að stefna í verðlagningu vatns verði notendum nægileg hvöt til þess að nýta vatnsauðlindir á hagkvæman hátt og styðja þannig við umhverfismarkmið tilskipunarinnar.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lagt verði á árlegt gjald sem endurspeglir nýtingu og álag á vatnsauðlindina. Gert er ráð fyrir að gjaldið verði lagt á veitendur vatnsþjónustunnar sem aftur geti innheimt kostnaðinn af endanlegum notendum. Við útreikning fjárhæða gjaldsins sem gert er ráð fyrir að áður nefndir notendur vatns greiði skuli taka mið af vatnsnotkun þeirra. Samkvæmt frumvarpinu á ríkissjóður að standa undir 1/3 af kostnaði en hin ýmsu svið vatnsnotkunar þ.e. atvinnulíf, heimili og landbúnaður fjármagni 2/3. Hvað varðar þetta gjald veltir HER því fyrir sér hvernig álag á vatnsauðlindina verður metið til fjár. Þar sem gjaldið kemur til með að hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög þurfa forsendur að vera vel skilgreindar. Tryggja þarf að gjaldið verði nýtt í að auka þekkingu á vatnsauðlindinni og í framkvæmd laganna um stjórn vatnamála og renni ekki í önnur verkefni.

Þar sem eitt af markmiðum frumvarpsins er að vera notendum hvatning til að nota vatnsauðlindir á hagkvæman hátt er nauðsynlegt að unnt sé að mæla árangur slíks sparnaðar. Það ætti að vera hægt að mæla slíkt hjá flestum stórnotendum en þegar kemur að einstaklingum er það ekki unnt öðruvísi en að setja upp mæla. Að öðrum kosti fæst ekki séð hvernig gjaldtaka ætti að vera einstaklingum hvatning til að umgangast vatnsauðlindir á annan hátt þegar allir borga hvort sem er sama gjaldið.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
verkefnisstjóri

Kristín Lóa Ólafsdóttir
verkefnisstjóri

